

Annáll vorið 2025

Ágæta samkoma

Ég ætla hér að greina frá því helsta sem gerðist á þessari önn en slíkt er venja við útskrift.

Skólastarf hófst 3. janúar með stundatöfluaafhendingu en kennsla hófst 6. janúar.

Tæplega 950 nemendur hófu nám í dagskóla og um 50 í síðdegisnámi en auk þess stunduðu um 110 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum.

Miðvikudaginn 12. febrúar var uppbrotsdagur í skólanum sem var að þessu sinni spiladagur og var boðið var upp á spil og leiki um allan skóla. Í hádeginu var svo matartorg þar sem boðið var upp á fjölbreyttar veitingar. Þau Jón Jónsson og GDRN mættu svo á svæðið og tóku nokkur lög og myndaðist mikil stemning í salnum.

Val á Stofnun ársins 2024 var tilkynnt á hátíð Sameykis þann 13. febrúar. Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð í 1. sæti í flokki stórra ríkisstofnana í könnuninni og er þetta þriðja árið í röð sem skólinn er í efsta sæti í þessum flokki. Fimm efstu stofnanir í hverjum flokki hljóta titilinn Fyrirmyndarstofnun og fær skólinn þann titil nú í 9. sinn á síðustu ellefu árum.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir þáverandi mennta- og barnamálaráðherra heimsótti skólann í febrúar. Ráðherra var á ferð um Suðurnes ásamt sérfræðingum úr ráðuneytinu til að kynna sér aðstæður og nám barna af erlendum uppruna á svæðinu.

Nemendur okkar stóðu sig með prýði á Íslandsmóti iðnnema sem haldið var í Laugardalshöll um miðjan mars samhliða framhaldsskólakynningunni Mín framtíð. Nemendur okkar kepptu í háriðnum, húsasmíði, rafiðnum og forritun. Valgerður Amelía Reynaldsdóttir varð Íslandsmeistari í fantasíugreiðslu með víkingapema, Aleksander Klak varð í 2. sæti í forritun og Aron Kristinsson varð í 3. sæti í rafiðnum.

Starfshlaup FS fór fram föstudaginn 11. apríl. Starfshlaupið fór nú fram í 29. sinn en það hóf göngu sína árið 1994. Í Starfshlaupinu skipta allir nemendur skólans sér niður í fimm lið sem hvert hefur sinn einkennislit. Fyrirliðar hvers liðs koma svo úr hópi útskriftarnemenda. Í hlaupinu reyna liðin með sér í flestum námsgreinum sem kenndar eru við skólann, fjölmörgum íþróttagreinum og ýmis konar þrautum og leikjum. Keppnin var æsispennandi í ár en að lokum var það Gula liðið sem fór með sigur af hólmi. Starfshlaupið er einn af hápunktum hvers skólaárs og eitt af því sem nemendum finnst standa upp úr eftir veru sína í skólanum.

Skólanum berast reglulega góðar gjafir og kunnum við velunnurum skólans að sjálfsögðu bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Listnámsbrautinni bárust veglegar gjafir. Sólrún Anna Símonardóttir, eigandi Jöklaljós kertagerðar, gaf glerofn með öllu tilheyrandi og Einar Guðberg Gunnarsson færði listnámsbraut einnig veglega gjöf en það voru ýmis konar myndlistarvörur og efni.

Skólinn tekur þátt í fjölbreyttu erlendu samstarfi og hefur það aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

Á þessari önn fóru nemendur af sjúkraliðabraut í vinnustaðanám erlendis. Kennarar sóttu svo ýmis námskeið erlendis sem þeir munu nýta sér í kennslunni. Jafnframt fóru kennarar til Finnlands til að kynna sér aðstæður og koma á mögulegu samstarfi við skóla erlendis, t.d. með vinnustaðanám og nemendaskipti í huga. Einnig var haldið áfram með Nordplus samstarfsverkefni og komu 30 nemendur frá þremur þjóðlöndum ásamt kennurum í heimsókn í lok mars og tókst sú heimsókn vel.

Það er ljóst að mikið líf er í erlendum samskiptum innan skólans og margvíslegir möguleikar í boði fyrir starfsfólk og nemendur.

Nemendafélag skólans (NFS) stóð fyrir öflugu starfi á önninni.

Hljóðneminn, söngkeppni NFS, fór fram á sal fimmtudaginn 30. janúar. Eftir skemmtilega keppni var það Elín Snæbrá Bergsdóttir sem fór með sigur af hólmi og var því fulltrúi skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna.

Nemendafélagið stóð fyrir ýmis konar uppákomum í svokallaðri Valentínusarviku. Þar má nefna sölu súkkulaðis og jarðarberja og stórkostlegt bingókvöld.

Góðgerðavika NFS var í lok mars en að þessu sinni var safnað fyrir Minningarsjóð Bryndísar Klöru. Þar var mikið var um að vera, ýmis konar áheiti og sala.

Nýtt tölublað af skólablaðinu Vizkustykki kom út undir lok annarinnar. Blaðið er skemmtilegt og glæsilegt eins og venjulega og að þessu sinni er það lítríkt og líflegt.

Lið skólans stóð sig frábærlega í mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna, Morfís, og komst alla leið í undanúrslit.

Nemendafélagið stóð einnig fyrir skemmtikvöldum á sal skólans, glæsilegri árshátíð og auðvitað hinum ómissandi dansleikjum.

Nemendur tóku sér ýmislegt fyrir hendur á önninni fyrir utan hefðbundna kennslu.

Nemendur í myndlist voru virkir á önninni. Á gangi á 2. hæð eru tvö rými þar sem nemendur sýna verk sín og hafa þó nokkrar sýningar verið þar í vetur. Myndlistarnemendur heimsóttu einnig sýningar í Listasafni Reykjanesbæjar og unnu verkefni í kjölfarið.

Útskriftarnemar á listnámsbraut tóku þátt í Barna og ungmennahátíð Reykjanesbæjar og sýndu verk sín í Bíósalnum í Duushúsum. Að

sýningunni lokinni keypti skólinn eitt verkanna og fyrir valinu varð málverkið "Form í íslenskri náttúru" eftir Þorbjörgu Elísabetu Rúnarsdóttir en það er til sýnis hér við stigann. Ætlunin er að framvegis kaupi skólinn eitt verk af útskriftarsýningu listnámsnemenda.

Nemendur á afreksíþróttalínu fá fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Andri Iceland heimsótti nemendur á afreksíþróttalínunni en hann er sérfræðingur í öndunartækni og kuldaþjálfun. Tveir nemendur í sjúkraþjálfun komu svo og sögðu hópnum frá starfi sjúkraþjálfara og náminu og kenndu nemendum svo að teipa ökkla.

Nemendur í tölvuleikjagerð taka ljósmyndaáfanga sem hluta af sínu námi. Nemendur skoðuðu ljósmyndasýningar og heimsóttu ljósmyndara til að kynnst starfi þeirra.

Nemendur á lokaönn í húsasmíði fóru í skoðunarferð um Fischer hús og Duus hús ásamt ferð í Árbæjarsafn

Nemendur í frumkvöðlafræðiáfanga tóku þátt í verkefni JC, Ungir frumkvöðlar. Þar stofna nemendur sitt eigið fyrirtæki og reka og tóku sex hópar héðan þátt. Það er ánægjulegt að segja frá því að eitt fyrirtæki frá FS komst í 30 fyrirtækja úrslit en það var fyrirtækið BlueBoost.

Nemendur í jarðfræði fóru í vettvangsferð og skoðuðu ummerki eftir eldgosin á Sundhnjúksgígaröðinni og jarðhræringarnar sem tengjast þeim í Grindavík og nágrenni, til að mynda ný hraun, sprungur og landsig.

Nemendur í afbrotafræðiáfanga í félagsfræði fengu tækifæri til að taka þátt í rannsóknarverkefni á vegum Háskóla Íslands sem miðar að því að skoða viðhorf til afbrota og refsinga.

Nemendur í vetraríþróttaráfanga skelltu sér í Bláfjöll og skemmtu sér vel og brunuðu niður brekkurnar á skíðum og brettum.

Dimissio fór fram á sal föstudaginn 2. maí en þá bjóða væntanlegir útskriftarnemendur upp á dagskrá á sal. Miðað við hana ætti framtíð heilbrigðiskerfins að vera björt en hópurinn mætti að þessu sinni í læknasloppum og með hlustunarpípur og sprautur á lofti. Hópurinn sprellaði aðeins í morgunsárið og samkvæmt venju var svo boðið upp á glæsilegan bröns í mötuneytinu. Síðan var komið að dagskrá á sal þar sem byrjað var á stórskemmtilegu myndbandi þar sem nemendur brugðu sér í gervi kennara og starfsmanna og gerðu létt grín. Hópurinn veitti síðan viðurkenningar fyrir vel unnin störf og reyndar ýmislegt fleira og þar komu mamma og pabbi skólans, áhrifavaldurinn, Swiftie skólans og fleiri við sögu.

Kæru útskriftarnemendur, ég vil nota tækifærið og óska ykkur til hamingju með útskriftina ykkar. Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að kynnast ykkur sem kennari og stjórnandi og eins að sjá ykkur þroskast og dafna í skólastarfinu. Látið drauma ykkar rætast og munið að vilji er allt sem þarf.

Starfsfólki skólans þakka ég samstarfið á önninni og óska ykkur öllum gleðilegs sumars.